

Mikill afkomubati: Rúmlega tvöföldun hagnaðar eftir skatta

- Rekstrartekjur á fyrsta ársfjórðungi 2026 námu 21,2 milljörðum ISK: (€146.0m), sem er aukning um 22,4% frá sama ársfjórðungi 2025
- Framlegð fyrir Q1 2026 er 1,9 milljarðar ISK (€13.2m) samanborið við 1,8 milljarða (€12.4m) á Q1 2025
- EBITDA fyrir Q1 2026 hækkaði í 833 milljónir (€5.7m) úr 787 milljónum (€5.4m) í Q1 2025
- 12 mánaða rúllandi EBITDA hækkaði um 0,4 milljarða, í 3,3 milljarða (€22.8m) frá 2,9 milljörðum (€20.0m) á Q1 2025
- Hagnaður fyrir skatta af reglulegri starfsemi er 478 milljónir ISK (€3.3m) samanborinn við 334 milljónir ISK (€2.3m) Q1 2025, sem er aukning um 144 milljónir ISK (€1.0m)
- Hagnaður fjórðungsins eftir skatta er 305 milljónir ISK (€2.1m) samanborinn við 145 milljónir (€1.0m) fyrir sama tímabil 2025
- Hagnaður á hlut fyrir Q1 2026 er 10,0 ISK, samanborið við 4,7 ISK fyrir Q1 2025.
- Heildareignir námu 42,5 milljörðum ISK (€292.8m) í lok mars 2026, sem er hækkun um 5,3 milljarða ISK (€37.2m) frá lok mars 2025
- Eiginfjárlutfall er 29% í lok fyrsta ársfjórðungs 2026 samanborið við 29,9% í lok Q1 2025
- Hagnaður fyrir skatta af reglulegri starfsemi 2026 verður samkvæmt afkomuspá, 1,7 – 2,0 milljarðar ISK (€11.5m - €13.5m)

Rekstrartekjur starfseminnar í Suður-Evrópu voru 8,9 milljarðar ISK (€61.1m) á fyrsta ársfjórðungi, sem er 7% aukning miðað við sama tímabil árið 2025. Reglulegur hagnaður starfseminnar fyrir skatta nam 435 milljónum ISK (€3.0m), sem er aukning um 103 milljónir ISK (€0.7m) frá fyrsta ársfjórðungi 2025.

Rekstrartekjur starfseminnar í Norður-Evrópu voru 2,3 milljarðar ISK (€16.1m), sem er 12% aukning frá fyrsta ársfjórðungi árið áður. Verð á laxi var lægra en reiknað var með í byrjun árs og framboð á laxi hefur verið gott. Verð á hvítfiski hefur aftur á móti verið mjög hátt og framboð af skornum skammti. Var staða í laxi og hvítfiski sambærileg við fyrra ár. Félagið á Írlandi skilaði 16 milljóna ISK (€107k) hagnaði af reglulegri starfsemi sem er aukning um 5 milljónir ISK (€32k) frá fyrsta ársfjórðungi 2025. Samkvæmt spám um verð og framboð má reikna með að laxaverð haldist stöðugt og í ætt við síðasta ár.

Rekstrartekjur sölu- og dreifingarhluta starfseminnar voru 10,5 milljarðar ISK (€72.2m) á fyrsta ársfjórðungi, sem er 41% aukning frá sama ársfjórðungi 2025. Hagnaður er svipaður og sama tímabil 2025. Mikil eftirspurn, há söluverð á þorski og hvítfisktegundum og aukið framboð og góð sala á loðnu og síld voru lykillinn að söluaukningu.

Byggt á niðurstöðum fyrsta ársfjórðungs og áætlunum félagsins er afkomuspá ársins óbreytt frá ársbyrjun eða á bilinu 11,5 til 13,5 milljónir evra. Gert er ráð fyrir áframhaldandi háu þorskverði á árinu þar sem framboð er í sögulegu lágmarki. Uppfærðar spár um laxaverð fyrir árið gera ráð fyrir að laxaverð verði svipað og á árinu 2025. Óvissa um ástandið í alþjóðastjórnámálum er mikil og óútreiknanleg og hefur orðið til þess að nú sjást merki um hærri verðbólgu á okkar lykilmörkuðum.

Ægir Páll Friðbertsson, CEO

“Niðurstaða fyrsta ársfjórðungs er afar ánægjuleg. Við höfum náð að halda sjó í krefjandi umhverfi en minnkandi þorskkvóti á heimsvísu hefur leitt til þess að framboð er mun minna en undanfarin ár. Allar deildir fyrirtækisins juku sölu samanborið við sama tímabil árið 2025. Þetta styrkir okkur fyrir áframhaldandi starfsemi á árinu. Góð loðnuvertíð hafði einnig jákvæð áhrif á fjórðunginn, sem og góð sala á síld.

Horfur fyrir næstu mánuði gera ráð fyrir að framboð á þorski verði áfram takmarkað, á meðan laxamarkaðurinn mun líklega einkennast af verðnæmni, með stöðugra verði og góðu framboði. Til að styrkja okkur í aðfangakeðjunni fyrir argentínska rækju fjárfestum við í útgerð í Argentínu á síðasta ári en áhrif þeirrar fjárfestingar mun birtast á seinni hluta ársins.

Félagið lauk fullri endurfjármögnun á síðasta ári, sem hefur skapað aukið svigrúm til að einbeita sér að því að treysta aðfangakeðjuna, bæta fjárhagslegt skipulag, lækka vaxtakostnað og halda áfram markvissri framfylgni á stefnu félagsins. Unnið er að sölu fasteignarinnar í Grimsby og þar með lokun rekstrar í Bretlandi, en leigutekjur eru eini eftirstandandi rekstrarþátturinn þar eftir sölu rekstrarins haustið 2023.

Markvisst er áfram unnið að stefnumótunarverkefnum sem styðja við vöxt, aukna rekstrarhagkvæmni, sterkari ásýnd og þróun fyrirtækjamenningar. Félagið býr yfir verulegum vaxtartækifærum með betri nýtingu á öflugum, alþjóðlegu sölu- og birgjaneti og hæfileikaríku starfsfólki.

Í vikunni fagnar félagið jafnframt 10 ára afmæli skráningar sinnar á Nasdaq First North Iceland, sem markar mikilvægan áfanga í þróun og uppbyggingu félagsins.

Mikill vöxtur hefur verið í laxeldi hér á landi, sem er jákvæð þróun. Félagið hefur hafið sölu og markaðssetningu á íslenskum laxi í gegnum dreifikerfi sitt, með það að markmiði að efla starfsemina enn frekar. Uppbygging greinarinnar skapar tækifæri til nánara samstarfs við íslensk eldisfyrirtæki og til að nýta sterkt sölunet félagsins til að kynna og aðgreina íslenskan lax á lykilmörkuðum.

Annað mikilvægt atriði er að halda áfram því frábæra samstarfi sem við höfum átt við framleiðendur og styrkja það enn frekar. Það er eina leiðin til að viðhalda stöðu okkar og verja stöðu vörumerkisins Íslands úti á mörkuðum og þar er þorskurinn sérstaklega mikilvægur. Þar stefnum við að því að vera leiðandi í samstarfi við íslenska framleiðendur.

Ég vil þakka framleiðendum og viðskiptavinum fyrir traustan stuðning og góða samvinnu, sem hefur verið lykilforsenda þess árangurs sem náðst hefur, fyrir alla aðila.

Markmiðið er að halda ótrauð áfram á þessari braut og leita stöðugt leiða til að styrkja Iceland Seafood enn frekar, þannig að félagið sé vel í stakk búíð til að mæta framtíðaráskorunum og nýta þau tækifæri sem fram undan eru, til hagsbóta fyrir félagið, eigendur þess og starfsfólk og síðast en ekki síst birgja og viðskiptavini.”

Fjárfestafundir

Iceland Seafood mun ekki halda fjárfestafundi fyrir fyrsta og þriðja ársfjórðung. Fyrirtækið fagnar öllum fyrirspurnum um fjárhagslegar niðurstöður fjórðungsins, og má senda spurningar á netfangið investors@icelandseafood.com

Fyrirtækið mun halda fjárfestafundi í kjölfar annars ársfjórðungs (hálfársniðurstöður) og fjórða ársfjórðungs (árslokaniðurstöður), þar sem stjórnendur kynna og ræða helstu niðurstöður. Dagsetningar fyrir þá fundi má finna á vefsíðu félagsins www.icelandseafood.com/investors/shareholders/

Fyrirtækið býður alla velkomna í heimsókn sem vilja fræðast meira um starfsemina og annað henni tengt. Sé áhugi fyrir hendi, vinsamlegast hafið samband við Ægi Pál Friðbertsson apf@icelandseafood.com eða Öldu Björk Óskarsdóttir alda@icelandseafood.com

Fyrirvari

Allar yfirlýsingar varðandi framtíðarsýn í þessari tilkynningu endurspeglar núverandi skoðanir stjórnenda á framtíðarviðburðum og niðurstöðu. Það að þessar skoðanir séu byggðar á afstöðu sem stjórnendur telja eðlilegar, er engin trygging fyrir því að atburðir og skoðanir verði að veruleika. Framtíðarsýn felur eðlilega í sér óvissu og áhættu; Niðurstöður geta verið frábrugðnar fullyrðingum eða skoðunum sem settar eru fram.

Frekari upplýsingar:

Iceland Seafood International hf.

<http://www.icelandseafood.com/Investors>

Ægir Páll Friðbertsson, apf@icelandseafood.com